

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um áhrif fækkunar lögreglustjóra í Norðausturkjördæmi.

Frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

1. Hversu margir lögreglustjórar þiggja biðlaun vegna fækkunar lögreglustjóra í Norðausturkjördæmi samkvæmt lögum nr. 51/2014, um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996?
2. Hversu margir starfsmenn fyrri lögreglustjóraembætta fá ekki sambærilega vinnu og þeir voru í fyrir breytinguna?
3. Hversu margir starfsmenn fyrri lögreglustjóraembætta hafa verið ráðnir til starfa á öðrum umsýslusviðum ráðuneytisins?
4. Hversu há eru framlög á hvern íbúa Norðausturkjördæmis vegna lögreglustjóraembætta þar?
5. Hvaða forsendur liggja að baki áætlun um sértekjur upp á 12,7 millj. kr. hjá embætti lögreglustjórans á Austurlandi?

Skriflegt svar óskast.